



Stefna Bókasafnsins Ísafirði 2021-2024



ÍSAFJARÐARBÆR





Bókasafnið Ísafirði er
samverustaður fyrir **alla**
bæjarbúa -

hús þekkingar, hugmynda
og afþreyingar.




Gildi Bókasafnsins

Heiðarleiki og heilindi

Jákvætt viðmót

Notendastýrt bókasafn

Öryggi og vellíðan



Framtíðarsýn

Bókasafnsins Ísafirði:

1. Sýnilegt bókasafn.
2. Bókasafnið fyrir alla.
3. Bókasafnið - hlýlegur og öruggur staður.
4. Sjálfbærni í fyrirrúmi.



Sýnilegt bókasafn

Hvernig:

Með því að vera staðsett
miðsvæðis, með opna þjónustu
og gott aðgengi.

Aðgerðir:

Bókasafnið þarfnast nýrrar
staðsetningar. Best væri að vera í
miðbænum þar sem fleiri eiga leið
um og myndi auðga mannlífið þar,
eða t.d. nálægt íþróttahúsi og
sundlaug.

Til vara bygging á einni hæð sem
tilheyrði núverandi húsnæði.
Bæjarstjórn þarf að taka ákvörðun
um framtíðarsýn varðandi
húsnæðismál bókasafnsins.

Einnig vantar nýja heimasíðu með
betri upplýsingum.



Bókasafn fyrir alla



Hvernig:

Bókasafnið heldur í sín grunnildi: bókmenntir, menningu og aðgang að upplýsingum fyrir alla hópa í samfélaginu, samhliða því að bjóða upp á nýjungar tengdar þeim.

Aðgerðir:

Lögð áhersla á grunnildi bókasafnsins og viðburði sem tengjast þeim, en bæta við annars konar viðburðum sem byggjast á gildunum og stuðla að fræðslu og samveru.

Leggja áherslu á að ná til ólíkra hópa í samfélaginu, auk samvinnu við aðrar stofnanir. Starfsmenn vinna saman að þróun starfsins og framkvæmd.

Bókasafnið hlýlegur og öruggur staður

Hvernig:

Þjóða upp á fundaraðstöðu, og kynna fyrir íbúum hugmyndir um þáttöku þeirra í viðburðum safnsins.

Aðgerðir:

Bókasafnið vill stefna að því að bjóða hópum/félögum í nærumhverfinu að hafa dagskrá eða fundi í húsinu sem samræmast stefnu safnsins. Útbúin aðstaða þar sem notendur geta fundað eða hist, einnig komið inn með sína dagskrá eða haldið námskeið. Settur upp samráðsvettvangur fyrir notendur til að koma með sínar hugmyndir varðandi starfsemina á safninu. Starfsmenn og notendur eiga að finna að bókasafnið sé öruggur staður til að vera á.

Sjálfbærni í fyrirrúmi

Hvernig:

Þær breytingar sem verða gerðar hvort sem er á húsnæði eða starfsemi taki mið af sjálfbærni, endurnýtingu og vali á vistvænum leiðum.

Aðgerðir:

Sjálfbærni er rauður þráður í þessum fjórum stefnuliðum bókasafnsins. Bæði umhverfislega og þannig að dagskrár bókasafnsins endurspegli áhuga og þátttöku notenda. Grænu skrefin að mestu leyti innleidd. Heimsmarkmiðin höfð til hliðsjónar varðandi starfið en hluti af heimsmarkmiðum eru einmitt gildi bókasafna.





Innleiðing stefnunnar

Gerð nánari áætlun um hvernig er unnið að markmiðunum: forstöðumaður og starfsmenn.

Fylgt eftir og endurskoðað á árs fresti. Forstöðumaður ber ábyrgð á mótun, fjármögnun og framkvæmd aðgerða. Starfsfólk fylgir aðgerðunum eftir.

Menningarmálanefnd samþykkir stefnuna.



Staðan 2024

Bæjarstjórn hefur tekið ákvörðun varðandi húsnæðismál bókasafnsins til framtíðar.

Fleiri notendur hafa aðgang að fjölbreyttari þjónustu.

Betri aðstaða fyrir íbúa til að hittast og funda. Kominn samráðsvettvangur fyrir bæjarbúa um starfsemina í bókasafninu.

Höfum tileinkað okkur sjálfbærni í starfinu. Búin að ljúka við Grænu skrefin.

